

Menningarmiðstöð Hornafjarðar

**Fornleifaskráning
vegna fyrirhugaðra framkvæmda á Malarási í Öræfum,
Sveitarfélaginu Hornafirði**

Fornleifaskráning 2017

Vala Garðarsdóttir
Sigríður G Björgvinsdóttir

Janúar 2017

Inngangur

Vegna fyrirhugaðra byggingframkvæmda á þremur lóðum úr landi Malaráss (landnúmer 160182) í Örafum, Sveitarfélaginu Hornafirði, var framkvæmdasvæðið tekið út með tilliti til fornminja, líkt og lög gera ráð fyrir.¹ Farið var á vettvang 13. janúar 2017, svæðið kannað og ljósmyndað.

Heimildir og minjar

Malarás er nýbýli úr Hofsnesslandi, reist á árunum 1936-1940.² Þar var byggt fyrsta steinsteypa íbúðarhúsið (Ás) í Örafasveit.³ Beitaland jarðanna var og er óskipt. Jarðamörk Malaráss/Hofsness liggja í vestri við austurmörk Hofslands í Kúadal og við vesturmörk Hnappavalla í austri, í Gljufri yfir í austurbrún í Ingólfshöfða.⁴ Búskap var hætt að Malarási í byrjun sjöunda áratugar 20. aldar.

Í Byggðasögu Austur-Skaftafellssýslu segir: „Hofsnes er byggt úr Hofslandi, en óvíst hvenær, því að engar heimildir munu nú eldri um jörðina en þær, sem skráðar voru um 1700. Að vísu er getið um Nes (Nesmenn) í Rauðalækjarmáldaga frá 1343, en óvíst er með öllu, að það hafi verið Hofsnes. Þó mun jörðin hafa verið byggð á þeim tíma, því rústir eru þar frá 1362.“⁵

Elstu heimildir um byggð á Hofsnesi er úr manntali 1703 og er þá tvíbýlt í Hofsnesi.⁶

Í jarðabók Ísleifs Einarssonar skráð 1709 og Jarðatali Johnsens frá 1847 er Hofsnes getið sem í bændaeign, jarðadýrleiki þess skráður 6 hundruð. Rekafjörupart á jörðin lítinn fyrir Hnappavallalandi.⁷

Skráðar minjar/ fornleifaskráning

Skráningin tók til sýnilegra minja á vettvangi og þar sem þekkt staðsetning er kunn út frá heimildum (sjá myndir 1 og 2). Skráðar minjar eru ekki að finna innan fyrirhugaðra framkvæmdalóða samb. yfirlistkorti á mynd 1. Þess má geta að helgunarlína friðaðra minja er 15 metrar en 100 metrar er varðar friðlýstar minjar, samkvæmt lögum um Menningarminjar.

Engar heimildir vísa til minja innan lóðamarkanna og engar minjar eru sjáanlegar í dag (sjá myndir 8, 9 og 10 í viðauka).

¹ Lög um menningarminjar nr. 80/2012.

² Sigurður Björnsson, 1976, bls. 67

³ Jónína Sigurgeirsdóttir (ritstj.), á.á, bls. 5

⁴ Sigurður Björnsson, 1976, bl. 62


⁵ Sama rit, bls. 66

⁶ Manntal 1703, bls. 434-435

⁷ Jarðabók Ísleifs Einarssonar, bls 35. , Johnsen, 1847, bls. 5



Mynd 1. Yfirlitskort af byggingalóðum fyrir Malarás I, II & III í Örfæfveit. Rauður rammi afmarkar útlínur lóðanna, rauðir punktar sýna staðsetningu mannvistarminja.



Mynd 2. Yfirlitskort er sýnir afstöðu skráðra minja (P 1-5) til framkvædasvæðis fyrir Malarás I.

P1

SVH-Malarás:001

Auðkennisnúmer: 160182:001

Staðsetning: A 613970.009 – N 377318.914

Sérheiti:

Tegund: tóft

Hlutverk: útihús⁸

Aldur frá: 1936

Aldur til: 1962

Friðlýst: nei


Ástand: ágætt

Hætta: mikil hætta vegna framkvæmda

Vegghæð frá: 1,0 m

Vegghæð til: 2,0 m

Veggjabreidd: 0,8 m



Mynd 3. Uppdráttur af tóft P1 - SVH-Malarás:001. Sjá staðsetningu P1 á mynd 1 og 2, sjá einnig ljósm. 11 í viðauka.

P2

SVH-Malarás:002

Auðkennisnúmer: 160182:002

Staðsetning: A 614013.390 – N 377233.313

Sérheiti: Malarás

Tegund: heimild

Hlutverk: Býli

Aldur frá: 1936

Aldur til: 1962

Friðlýst: nei

Ástand: horfið

Hætta:

Vegghæð frá:

Vegghæð til:

Veggjabreidd:



Mynd 4. P2 SVH-Malarás:002. Bæjarstæðið að Malarási.Íbúðarhúsið var fellt eftir að búskap var hætt um 1962. Horft til suðurs. Ljósm. SGB, janúar 2017.

⁸ Helgi Sigurgeirsson, samkv. tölvupósti 24. janúar 2017

P3

SVH-Malarás:003

Auðkennisnúmer: 160182:003

Staðsetning: A 613916.275 – N 377111.771

Sérheiti:

Tegund: heimild

Hlutverk: Fjárhús/hlaða⁹

Aldur frá: 1936

Aldur til: 1962

Friðlýst: nei

Ástand: horfið

Hætta:

Vegghæð frá:

Vegghæð til:

Veggjabreidd:



*Mynd 5. P3 - SVH-Malarás:003
fjárhúsi/hlaða. Einn útveggja stendur enn.
Sjá staðsetningu á myndum 1 og 2. Ljósm.
SGB, janúar 2017.*

P4

SVH-Malarás:004

Auðkennisnúmer: 160182:004

Staðsetning: A 613911.392 – N 377111.187

Sérheiti:

Tegund: steinsteypa

Hlutverk: Súrheysturn

Aldur frá: 1936

Aldur til: 1962

Friðlýst: nei

Ástand: stendur án þaks

Hætta:

Vegghæð frá: 2,0 m

Vegghæð til: 3,0 m

Veggjabreidd: 0,2 m



*Mynd 6. P4 - SVH-Malarás:004. Sjá
staðsetningu á myndum 1 og 2. Ljósm. SGB
janúar 2017.*

⁹ Helgi Sigurgeirsson, samkv. tölvupósti 24. janúar 2017

P5

SVH-Malarás:005

Auðkennisnúmer: 160182:005

Staðsetning: A 613930.859 – N 377076.993

Sérheiti:

Tegund: tóft

Hlutverk: útihús¹⁰

Aldur frá: 1936

Aldur til: 1962

Friðlýst: nei


Ástand: ágætt

Hætta: hætta vegna framkvæmda

Vegghæð frá: 0,5 m

Vegghæð til: 2,0 m

Veggjabreidd: 0,5 m



Mynd 7. Uppdráttur af tóft SVH Malarás:004. Sjá ljósmynd 12 í viðauka.

Niðurstaða

Fyrirhugaðar framkvæmdalóðir að Malarási (sjá inngang) eru utan 15 metra helgunarlínu þeirra minja er skráðar voru.

Virðingarfyllst,
Vala Garðarsdóttir
Sigríður G. Björgvinsdóttir

¹⁰ Helgi Sigurgeirsson, samkv. tölvupósti 24. janúar 2017

Heimildir

Ísleifur Einarsson, 1918-1920. *Jarðabók Ísleifs sýslumanns Einarssonar um Austur-Skaftafellssþing, er hann gerði 1708 og 1709 í umboði Árna Magnússonar*. Blanda 1. bindi 1918-1920, 1-3. hefti, bl.s 1-38.

Johnsen, J. 1847. *Jarðatal á Íslandi*. J. Johnsen, Kaupmannahöfn.

Jónína Sigurgeirsdóttir, 2015. *Brotagull, Minningar Helgu Sigurðardóttur frá Malarási*. Jónína Sigurgeirsdóttir, fyrir hönd erfingja Helgu Sigurðardóttur.

Lög um menningarminjar, nr. 80 2012.

Manntal á Íslandi árið 1703. Tekið að tilhlutan Árna Magnússonar og Páls Vídalín. Reykjavík: Hagstofa Íslands 1924-1947.

Sigurður Björnsson, 1976. Öræfi. *Byggðasaga Austur-Skaftafellssýslu, III. bindi*. Reykjavík: Bókaútgáfa Guðjóns Ó. Guðjónssonar.

Viðauki



Mynd 8. Horft til vesturs af þjóðvegi 1, yfir fyrirhuguð lóðarstæði. Ljós. SGB, janúar 2017.



Mynd 9. Horft til suðvesturs yfir lóðastæði af þjóðvegi 1. Ljós. SGB, janúar 2017.



Mynd 10. Horft til suðurs af þjóðvegi 1, í átt að fyrirhugðum lóðarstæðum. Ljós. SGB, janúar 2017.



Mynd 11. Tóft SVH-Malarás:001 séð frá vestri. Ljós. SGB, janúar 2017.



Mynd 12. Tóft SVH-Malarás:005. Hlutverk og aldur óþekkt. LJósm. SGB, janúar 2017.